

Mál nr. 468/2011

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á gatnamótum Mímisbrautar og Hringteigs á Akureyri þann 5.10.2011.**Gögn.**

180. Málskot, móttækið 15.11.2011, ásamt fylgigögnum.

181. Bréf X, dags. 5.12.2011.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið vestur Mímisbraut og beygt til vinstri áleiðis suður Hringteig. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið norður Hringteig og beygt til hægri áleiðis austur Mímisbraut. Á gatnamótunum rákust saman framanverð vinstri hlið A og vinstra framhorn B. Á Hringteigi hvílir biðskylda gagnvart umferð á Mímisbraut. Af ljósmyndum af vettvangi má ráða að snjófól hafi verið á jörð en lítilsháttar krapí á akbraut þar sem áreksturinn varð.

Álit.

Í gögnum málsins er ekki að sjá að ökumenn hafi lýst árekstrinum og tildrögum hans. Á hinn bóginn liggja fyrir skýrar og greinargóðar ljósmyndir af ökutækjunum á árekstrarstað. Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber við hægri beygju að aka sem næst hægri brún akbrautar og skal beygjan tekin eins kröpp og unnt er. Við vinstri beygju skal aka sem næst miðju akbrautar og skal taka beygjuna þannig, að þegar ökutækið kemur út af vegamótunum, sé það hægra megin á akbrautinni sem beygt er inn á. Leiðir bifreiðanna áttu ekki að þurfa að skerast er þeim var ekið um gatnamótin. Af fyrrgreindum ljósmyndum má ráða að A var ekið í þröngri vinstri beygju áleiðis inn á Hringteig þannig að hún stefndi inn á rangan vegarhelming. Fór það í bága við fyrrgreint ákvæði 3. mgr. 15. gr. ufl. um það hvernig taka skuli vinstri beygju á gatnamótum og verður áreksturinn rakinn til þess. Ekki verður séð að ökumaður B hafi tekið beygjuna öðruvísi en honum bar. Verður öll sök því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 11. janúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.